

**Nr. 20-091 S 061 Þórsnes SH 109*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2936  
Útgerð: Þórsnes ehf.  
Smíðaður: Solstrand AS Noregi, 1996, stál.  
Stærð: 879,92 bt.  
Mesta lengd: 43,32 m Skráð lengd: 38,39 m  
Breidd: 10,50 m Dýpt: 7,10 m  
Vél: Caterpillar, 749 kw, 1996  
Fjöldi skipverja: 16



Þórsnes ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 26. maí 2020 var Þórsnes SH 109 á grálúðunetum djúpt úti fyrir Norðurlandi. Veður: VSV 7-8 m/sek.

Skipverji var að vinna við grálúðunet og var að skera hnút úr einu þeirra þegar hnífurinn stakkst fremst í löngutöng vinstri handar. Síðar kom í ljós að sin för í sundur í fingrinum.

***Við rannsókn kom fram:***

- að sárið var saumað saman um borð og skipverjinn kláraði veiðiferðina;
- að eftir læknisskoðun fór hann í aðgerð til að tengja sinina aftur;
- að hnífurinn var tenntur netahnífur;
- að ekki var rétt lögskráð á skipið.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til ályktunar en nefndin hvetur sjómenn til að taka odda af netahnífum.

Nefndin bendir á að mikilvægi þess að lögskráning skipverja sé ávallt í samræmi við mönnun skipsins hverju sinni enda á hún m.a. að tryggja að lögboðin áhafnartrygging sé í gildi fyrir skipverja sem um borð eru.